

Skýrsla stjórnar fyrir starfssárið 1998

FUNAFRÉTTIR

Rós Steinunn Hrein
Halldórsstöðum
601 Akureyri



1. Tölublað.
4. Árgangur.
Mars 1999.

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 1998.

Stjórnin hélt 10 bókaða fundi á árinu auk nokkurra sameiginlegra funda með stjórn Léttis, einnig voru ýmis mál ákveðin í gegnum síma á milli stjórnarmanna. Fyrri hluti starfsársins einkenndist mest af þrætum um reiðvegamál, fór langur tími og mikil vinna í þau málefni, urðu þau félagini dýr en vonir standa til að úr þeim málum rætist. Skipt var um félagsjakka á árinu og teljum við að vel hafi til tekist með val á efni og saumaskap. Einnig var skipt um félagsmerki og þar af leiðandi gerðir nýjir félagsfánar. Þá voru einnig saumaðir íþróttagallar fyrir félagið og er félagsmerkið í hvítu á bakliðinni á treyjunum. Vonandi hefur það ekki farið framhjá neinum að á árinu var haldið landsmót hestamanna á Melgerðismelum og teljum við að það hafi tekist vel miðað við aðstæður og þann mótbýr sem mótið fékk síðasta vetur. Funi gerði munnlegan samning við framkvæmdastjórn landsmóts um einangrun á syðri hlutanum á skálanum gegn því að landsmótið skaffaði efnið en Funi vinnuna. En þó er það alltaf svo að þegar maður litur til baka, þá sér maður alltaf eitthvað sem betur mátti fara. Þó við teljum að mótið hafi gengið vel þá er það ekki að skila aðildarfélögunum stórum tekjum en þó er það réttum megin við nállið.

Auðvitað er það stór plús fyrir framkvæmdastjórn landsmóts að taka við svæðinu svo til frá gengnu þar sem Melgerðismelar sáu um uppbyggingu á svæðinu. Var kostnaðurinn við framkvæmdirnar langt fram yfir það fjármagn sem áætlað var í þær, hefur það verið mikið bras að leysa fjárhagsvanda Melgerðismela og er það ekki að fullu frágengið ennþá þó það sé komið á rétt ról. Það var gerður nýr leigusamningur við Eyjafjarðarsveit og er hann þinglýstur ásamt lóðaleigusamningi, til að þetta gengi upp keypti Funi hlut U.M.F.Samherja í skálanum gegn vinnu í íþróttasvæðinu sem þeir ætla að byggja upp á Hrafhnagili.

Hestamannafélögin Funi og Léttir gerðu starfssamning við Eyjafjarðarsveit um byggingu stóðréttar sem fölst í því að félögin lögðu fram vinnuna en sveitarfélagið efnið, eins og oft áður var skammur tími til framkvæmdanna en þó tókst að ljúka umsöndum hluta í tíma og vel það, en enn er eftir að setja upp nokkra dilka og holufylla almenning. Á haustdögum var gerður leigusamningur við Hrossaræktarsamtök EYÞing um rekstur sölumiðstöðvar í september og október, síðan var haldið áfram viðræðum við þau og kostuðu þau loka frágang á hesthúsini og reka nú þar tamningastöð.

Fulltrúar Funu sátu U.M.S.E.þing í apríl. Það voru Ævar, Anna Kristín og Dýrleif. LH þingið var haldið á Akureyri og sáu Funi og Léttir um þingið að þessu sinni, einkenndist þetta þing af miklu tillagna fargani og er greinilegt að þar verður að ráða bót á. Fulltrúar Funu á þinginu voru Ármann Ólafsson og Reynir Björgvinsson. Í lokin viljum við þakka öllum þeim sem unnið hafa í sjálfboðavinnu á Melgerðismelum við að lyfta því grettistaki sem þar hefur verið unnið, jafnframt við réttarbyggingu og vinnu í okkar félagsheimili með mikilli ósérhlífni en þó er það alltaf svo að sum andlit eru kunnugri en önnur. En það er styrkur hvers félags að sem flestir greiði árgjöldin og verði virkir félagsmenn.

Stjórn Funu.

Ágæta ritnefnd.

Blaðið smáa lundu léttir
lifgar sálaryl.

Þegar sé ég Funafréttir
fallega hugsa ykkar til.

Þó trúna ég hafi trausta
og tilþrif í lagi finu.

Ég held að sé farið að hausta
í höfðinu gamla mínu.

En þrátt fyrir það sest ég niður og ætla að senda ykkur línu, því auðvitað er alltaf eitthvað sem brennur á manni bæði gott og illt. Eitt af því illa eru þær fréttir að ágætur Funamaður Atli Guðlaugsson sé að flytja suður með sína fjölskyldu. Er sannarlega eftirsjá að þeim hjónum og ég tala nú ekki um ef Bjarni faðir Halldóru fer líka, en hann hefur unnið mikið og gott verk á mörgum sviðum uppbyggingarinnar á Melgerðismelum. Ég vil þakka þessu ágæta fólki öll þeirra góðu störf, og veit ég að ég tala fyrir munn allra þeirra sem hafa haft af þeim kynni. Óska ég þeim alls hins besta á nýjum vettvangi. En svona er lífið, og auðvitað kemur oftast maður í manns stað, og vonandi verðum við heppin þar.

Helvítis ósköp er Halldóra góð
heillað ‘ún flesta getur.
Um kynlifið er kynjafróð
og kynnir öllum betur.

Atli Guðlaugs öðlingur
allir hljótann trega.
Temur hesta, semur, syngur
og stjórnar frábærlega.

En af hinu góða er náttúrulega hve vel gekk með landsmótið. Uppbygging Melgerðismela er að verða, eða má segja orðin glæsileg, og þá er spurning hvernig er hægt að nota sem allra best þessa frábæru aðstöðu. Um daginn heyrði ég utanað mér að einhver ferðamálafrömuður hefði reifað hugmynd, sem mér fannst frábær. Hún var á þá leið, að sveit og bær í Eyjafirði tækju höndum saman og héldu viku sumarhátíð í júlímanuði á Melgerðismelum, þar sem saman færi hestasýningar, kappreiðar, andlegur gleðskapur, söngur, kveðskapur, leikir, getraunir og hitt og þetta. Settir yrðu stálbogar yfir réttina nýju sem síðan væri hægt að strengja dúk á og hafa

veitingarekstur og dansleiki í réttinni. Réttin er fallegt og frábært mannvirki sem auðvitað verður að nýta sem allra best, bæði summar og vetur. Vígsla nýju réttarinnar fór vel fram og réttarstörf að mestu leyti.

Í réttum skal ríkja friður
reglan gildir um háa og lága
þó má í kærleika kýla niður
kjaftfora mága.

Þó kreppi menn hnefa og hóti
hamist, öskri og blóti.
Er harðbannað aftur á móti
að henda grjóti.

Ekki meira um það. Á næsta ári verður félagið okkar 40 ára. Auðvitað verður því fagnað á myndarlegan hátt og ætti ekki að verða erfitt, með það að leiðarljósi að langt er komið framkvæmdum í félagsheimilinu sem ekki hefur ennþá hlotið nafn. Auglýst hefur verið eftir nöfnum á þetta stórglæsilega heimili, en ekkert hefur heyrst um nöfn, nema ég heyrði einhvern tala um “Fjöðrina” sem mér finnst fáránlegt. Þegar ég gagnrýndi þetta fjaðrarnafn sem átti að vera eitthvað í stíl við nafn á félagsheimili Léttis og heitir “Skeifan”, þá er það nú svo að þó samstarf félaganna hafi gengið afbragðs vel og skilningur hafi stóraukist á högum beggja, með tilliti til stærðarmunar. Í mínum huga er alveg skýr sú hugsun, að Funi verður aldrei fjöður í skeifu Léttis og því er “fjaðrarnafnið” ónothæft. Ég sendi inn tillögu að nafni, sem var “Gullbrekka” og af því að félagið heitir eftir Funa Jóhanns Frímannssonar sem átti heima í Gullbrekku finnst mér þetta góð tillaga. (Svona birtist eicingirnin !) Félagsheimili svifflugsmanna heitir Melbrekka og finnst mér því meiri stíll yfir Gullbrekkunafninu. En þetta kemur vonandi í ljós fljótlega, eða í það minnsta á næsta ári á 40 ára afmælinu.

Ágæta ritnefnd: Um leið og ég þakka ykkur störfin og óska ykkur alls hins besta, skal ég senda ykkur línu aftur ef orð míن yrðu til þess að einhver skammaðist sín, settist niður og sendi ykkur línu líka.

Bestu kveðjur.

Óttar

Frá Húsnefnd.

Á aðalfundi Funa 26. febrúar sl. var borin upp tillaga og samþykkt þess efnis að kjósa skyldi þriggja manna húsnefnd fyrir félagsheimili Funá Melgerðismelum. Störf nefndarinnar yrðu fyrst og fremst að setja saman húsreglur og hafa umsjón með daglegum rekstri hússins, þar með talið útleigu og fleira því tengdu.

Í húsnefnd voru kjörin Þróstur Jóhannesson, Dýrleif Jónsdóttir og Hafdís Sveinbjarnardóttir. Ný kjörin húsnefnd kom saman til fundar í félagsheimilinu þann 9. mars og gerði skrá yfir þann búnað sem til er í húsinu, einnig setti húsnefndin saman einfaldar húsreglur sem birtast hér eftir. Þá hefur nefndin gert samning við Vífilfell sem féllst á að leggja til kæliskáp gegn því að við verslum með þeirra vörur.

Eins og staðan er núna í framkvæmdum við félagsheimilið okkar það er framkvæmdum að mestu lokið við stofu til hliðar við fundarsal, nema það vantar á hana gólfefni. Á fundi húsnefndar var samþykkt að reyna að fá skemmtinefnd til samstarfs um einhverskonar fjárlunarsamkomu, gagngert til að fjármagna kaup á gólfefni. Þetta mætti til dæmis gera með því að spila Bingó. Það má segja að aðstaðan sé orðin mjög góð en það eða mjög brýnt að geta sett varanlegt gólfefni á fundarsal og stofu. Ef af verði væntum við góðra viðbragða frá okkar félagsmönnum, því ef við erum samtaka í þessu, þá verður þetta auðvelt.

Einnig vill húsnefnd geta þess að hún hefur í hyggju að gera tilraun með að mæta í félagsheimilið annan fimmtudag hvers mánaðar. Í fyrsta sinn núna 8. apríl og er þá opnað kl. 20.00, hitað kaffi og vonast til að félagarnir líti við, fái sér kaffisopa og spjalli um líðandi stund, horfi jafnvænt á myndbandsspólu eða bara sýni sig og sjái aðra.

Húsnefnd.
Þróstur, Dilla og Hafdís.



Á fyrsta fundi húsnefndar varð til eftirfarandi vísa:

Hér er mikið mannaval
mjög í flesta spunnið.
Húsnefndinni hrósa skal
hefur til þess unnið.

Húsreglur.

Ef húsið er lánað eða leigt skal skila því eins og tekið var við því, þ.e.a.s. leirtau hreint og gengið frá því. Borð og stólar þvegið og raðað upp, gólfs hrein, kaffikanna losuð og rusl fjarlægt. Nema um annað sé samið.

Alltaf skal einn vera ábyrgur fyrir leigu eða láni á húsinu, þ.e.a.s. skila lyklum og gera skil á leigu. Og sjá um að húsið sé í því ástandi sem um var samið.

Ef einhverjir hlutir skemmast, ber þeim sem hafa húsið á leigu eða láni að bæta það tjón.

Allt dýrahald í húsinu er með öllu bannað.

କବିତା ପରିଚୟ ମଧ୍ୟ ମହାନ୍ ମହାନ୍ ମହାନ୍ ମହାନ୍ ମହାନ୍ ମହାନ୍ ମହାନ୍

Húsnefndin hefur orðið mönnum yrkisefni og er það af hinu góða. Á fundi sem haldinn var með nefndunum fyrir nokkru þá kastaði ritari Funa fram eftirfarandi vísu:

Í Húsnefnd er vörður með verjur,
verður mér ekki um sel.
Í nefnd þeirri eru ekki erjur
og öllum líður þar vel.

Vörðurinn stóðst ekki mátið og svaraði um hæl:

Varla lengi heldur haus
er hefur kvennahylli,
vörðurinn er verjulaus
og valsar kvenna á milli.

Létt grín.

Fjölskyldan var að ganga yfir tún nokkurt þegar þau sjá hest sem sat upp við tré og söng þjóðsönginn. Þau fara til bónadans og segja honum frá því sem þau sáu. Þá segir bónadinn. - Ég er margsinnis búinn að segja honum að standa þegar hann syngur þjóðsönginn.

Stjórn Funa.

Formaður:	Ármann Ólafsson	Litla-Garði	463-1290
Varaformaður:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916
Gjaldkeri:	Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum 2	462-4942
Ritari:	Húni Zophoniásson	Litla-Hamri	463-1216
Meðstjórnandi:	Jónsteinn Aðalsteinsson	Tröllagili 17	462-4848
1. varamaður:	Stefán Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249
2. varamaður:	Þróstur Jóhannesson	Gilsbakka	463-1360

Mótanefnd.

Ævar Hreinsson	Munkaþverárstræti 4	461-2491
Jóhannes Jóhannesson	Huldugili 44	462-5748
Águst Ásgrímsson	Aðalstræti 70	462-5688
Þorsteinn Egilson	Grund 2	463-1398
Jónsteinn Aðalsteinsson	Tröllagili 17	462-4848

Barna og unglingaráð.

Bjarni Guðmundsson	Háhlíð 14	462-5010
Jónsteinn Aðalsteinsson	Tröllagili 17	462-4848
Hákon Harðarson	Svertingsstöðum 2	462-4942
Auður Hallsdóttir	Tröllagili 14	462-2896
Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum 2	462-4942

Ferðanefnd.

Hafdís Sveinbjarnardóttir	Ytra-Felli	463-1170
Sigurður Ólafsson	Árbakka	463-1166
Húni Zophoniásson	Litla-Hamri	463-1216

Reiðveganefnd.

St. Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249
Þór Hjaltason	Akri	463-1221
Ármann Ólafsson	Litla-Garði	463-1290

Skemmtinefnd.

Hulda Sigurðardóttir	Aðalstræti 70	462-5688
Rósa Hreinsdóttir	Halldórsstöðum	463-1272
Bergljót Jónsdóttir	Hrafnagilsskóla	463-1230
Ágúst Ásgrímsson	Aðalstræti 70	462-5688
Þorsteinn Egilson	Grund 2	463-1398
St. Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249

Fræðslunefnd.

Kristbjörg Ingólfssdóttir	Háhlíð 14	462-5010
Þróstur Jóhannesson	Gilsbakka	463-1360
Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916

Húsnefnd.

Þróstur Jóhannesson	Gilsbakka	463-1360
Dýrleif Jónsdóttir	Litla-Garði	463-1290
Hafdís Sveinbjarnardóttir	Ytra-Felli	463-1170

Skoðendur reikninga.

Þorvaldur Hallsson	Ysta-Gerði	463-1265
Reynir Björgvinsson	Bringu	463-1220

██

Létt grín.

Er hundurinn sem þú fékkst þér um daginn góður varðhundur?

Hvort hann er. Ég hef ekki komist inn í húsið mitt síðan ég fékk mér hann.

Tilkynning í dagblaði.

Hundurinn minn er týndur. Hann haltrar og sér illa. Annað eyrað hefur verið bitið af honum og hann er nýgeltur. Hann gegnir nafninu “Heppinn”.

Pabbi, það er foreldrafundur í skólanum í kvöld.

Bara ég, þú og skólastjórinn.

Mótadagar Funa 1999.

22. apríl Íþróttamót Funa á Melgerðismelum.
29. maí Héraðsmót U.M.S.E. í hestaíþróttum á Melgerðismelum.
10.-12. júní Kynbótasýning á Melgerðismelum.
13. júní Gæðingamót Funa á Melgerðismelum.
23.-25. júlí Hátiðisdagar hestamanna á Melgerðismelum (stórmót).
13. ágúst Síðsumarsýning kynbótahrossa á Akureyri.
14.-15. ág. Bikarmót Norðurlands á Dalvík.
21. ágúst Bæjakeppni Funa á Melgerðismelum.

Aðrir viðburðir.

22. apríl Kaffisala á Melgerðismelum.
20. júní Messureið.
6.-8. ágúst Félagsferð Funa.
21. ágúst Kaffisala á Melgerðismelum.

&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&

Íþróttagallar.

Í fyrra voru saumaðir íþróttagallar fyrir félagið. Treyjan er blá og rauð með hvítu Funamerki á baki en buxurnar eru bláar. Ef einhverjir hafa áhuga á að kaupa sér galla, er þeim bent á að setja sig í samband við húsnefnd.

Félagsjakkar.

Nú er rétti tíminn til þess að fá sér félagsjakka fyrir sumarið. Þeir sem hafa áhuga á slíku er bent á að setja sig í samband við saumakonuna okkar. Hún heitir Jónína Sverrisdóttir og símanúmerið er 461-1017.

&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&&

Létt grín.

Veistu hver er munurinn á belju og krækiberi?

Nei.

Nú það var slæmt, þá þýðir ekkert að taka þig með í berjamó.

Ágætu Funafélagar og aðrir sveitungar.

Á síðastliðnu ári var unnið feikilegt starf í þágu félagsins. Það hefði ekki tekist nema með ósérhlifni og hlýhug félagsmanna sem lögðust á eitt til að gera mótsvæðið klárt fyrir Landsmót. En það var ekki það eina heldur tóku hestamannafélögin Funi og Léttir að sér reisa skilarétt fyrir hross á Melgerðismelum. Jafnframt hafa félagsmenn unnið að því að koma félagsheimilinu í stand og er það smátt og smátt að komast í viðunandi horf. Nú er að hvetja félagsmenn og aðra til að nýta þetta hús sem best og eiga þar ánægjulegar stundir. Vonandi hefur það ekki farið fram hjá neinum að á Melgerðismelum er rekin tamningarástöð á vegum Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga. Þar starfa Birgir Árnason og Stefán Birgir Stefánsson sem tamningamenn. Stefnt er að öflugu starfi á Melunum í þágu hestamennskunnar á komandi sumri. Reiðnámskeið verða fyrir börn, unglings og fullorðna og vonast ég eftir að sem flestir geti nýtt sér þau. Þess fyrir utan verða fastir liðir eins og iþróttamót, gæðingamót, hátíðisdagar, bæjarkeppni, kvennareið, messureið, bikarmót, UMSE-mót, félagsferð og vafalaust einhverjar óvæntar uppákomur. Þetta er það helsta sem er á döfínni á árinu. Á nýloknum aðalfundi félagsins voru skráðir félagar 137 þar af eru börn og unglingsar 45 talsins. Af þessu sést hversu mikið af ungu fólk er að ganga í félagið. Nýja félaga vil ég bjóða velkomna til starfa.

Um leið og ég óska ykkur gleðilegra páskas til að skipta um ljósaperu? Ekkert. Kerlingin getur bara gert það sjálf.

Formaður Funafélagar
Árman Þólm Ingimar Ólafsson.

██

Meira létt grín.

Hvað þarf mörg karlrembusvín til að skipta um ljósaperu?
Ekkert. Kerlingin getur bara gert það sjálf.

Minni mitt fer stöðugt batnandi. Nú man ég oft eftir því að það var eitthvað sem ég gleymdi.

Kona nokkur var að aka eftir þjóðveginum þegar hún sá two símvirkja klifra upp í símastaura.

Asnar hvæsti hún. Þeir halda að ég sé nýkomin með bílpróf.

Störfum hlaðinn!

Enginn veit hvað átt hefur fyrri en misst hefur. Þetta gamla góða spakmæli er alltaf í fullu gildi. Ég hef áhuga á, hvort ekki er möguleiki að átta sig á því, hvað átt hefur, áður en misst hefur.

Í því sambandi langar mig að leiða hugann að núverandi formanni Funa, Ármanni Ólafssyni.

Það var á stjórnarfundi 12. maí 1996 að hann tók að sér að sitja í framkvæmdaneftnd Landsmóts 1998 fyrir hönd Funa, ásamt Bjarna Guðmundssyni. En þá þegar hafði verið biðlað til nokkurra félaga, en ekki með miklum árangri. Ármann gaf það strax í skyn að hann væri mjög störfum hlaðinn, bæði í öðrum félögum og einnig við sitt bú, og því myndi hann leita til félaganna eftir þörfum. Í beinu framhaldi af þessu tók hann sæti í fimm manna framkvæmdastjórnum Landsmóts.

Á aðalfundi Funa 20. febrúar 1998 var sæti formanns laust og þá fannst okkur félögunum alveg upplagt að smella Ármanni í þann stól. Því það er gömul saga og ný að það þýðir ekkert að kjósa menn til forystustarfa ef þeir hafa tíma til að sinna því. Þeir koma einfaldlega engu í verk.

Nú úr því sem komið var og komið fram á Landsmótsár sá Ármann þann kost vænstan að taka sjálfur að sér verklega þáttinn sem mest í undirbúningi mótsins. Hvað munar hann um það, þó hann dragi vagninn í framkvæmdum við félagsheimilið okkar og einnig okkar hlut í stóðréttarbyggingu. En þó með fullri virðingu fyrir öllum er þar hafa lagt hönd á plóg. Maðurinn er hvort sem er störfum hlaðinn eins og áður er getið. En mér finnst full ástæða til að færa honum bestu þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf sem hann hefur innt af hendi fyrir félagið á síðustu misserum. Og þeir sem eru mér sammála, gjöri svo vel að rétta upp hönd. Ég bið Ármann að átta sig á því að þetta eru ekki eftirmæli, þau koma síðar. Ég vil að lokum hvetja menn til að senda fræðslunefnd efni til birtingar í Funafréttum. Það má vera af ýmsum toga. Svo sem frásagnir, fróðleikur, ljóð, gamanmál, lof eða last, bara ef menn skrifa undir það.

Lofgjörð þessa ritar
Pröstur Jóhannesson.